



10. fundur aðalstjórnar Aftureldingar haldinn þriðjudaginn 5. janúar 2016 á skrifstofu félagsins að Varmá kl. 18.15.

Mætt: Dagný Kristinsdóttir (DK), Geirarður Long (GL), Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Anna Sigurðardóttir (AS) og Ólafur Thoroddsen (ÓTh)

Einnig sat fundinn Indriði Jósafatsson (IJ) framkvæmdastjóri félagsins.

Formaður setti fund og bauð fundarmönnum gleðilegs árs og þakkaði gott samstarf.

1. Íþróttamaður/kona Aftureldingar 2015.

Fyrirhuguð uppskeruhátíð 14. janúar verður aflýst í ljósi þess að bærinn er með val á íþróttamanni bæjarins viku síðar. Formaður fór yfir tillögur nefndar (uppskeruhátíðarnefndar) sem skilað var í maí sl. í framhaldi af umræðum var ákveðið að krýna íþróttamann og konu ársins á Þorablóti félagsins 23. janúar nk. en aðrir bikarar svo sem Gunnillubikar, vinnuþjarkur, starfsbikar, UMSK bikar og hvataverðlaun frá aðalstjórn verða svo afhentir á aðalfundi félagsins í mars. Nýtt fyrirkomulag tekur svo smám saman á sig mynd á árinu þar sem hver deild tilnefnir sitt afreksfólk í lok sinna tímabila. Þetta verður til frekari umræðu og kynningar á formannafundi.

Eftir farandi tilnefningar bárust frá deildum:

Kristín Þóra Birgisdóttir – Knattspyrnudeild
Kristinn Jens Bjartmarsson – Knattspyrnudeild
Ingibjörg Bergros Jóhannesdóttir – Handknattleiksdeild
Pétur Júníusson – Handknattleiksdeild
María Guðrún Sveinbjörnsdóttir – Taekwondodeild
Arnar Bragason – Taekwondodeild
Fjóra Rut Svavarsdóttir – Blakdeild
Jón Ólafur Bergþórsson – Blakdeild
Telma Rut Frímansdóttir – Karatedeild
Aþena Karaolani – Sunddeild
Arnór Róbertsson – Sunddeild
Kristinn Breki Hauksson – Badmintondeild
Guðlaug Bergmann Sigfúsdóttir – Frjálsíþróttadeild
Guðmundur Ágúst Thoroddsen – Frjálsíþróttadeild

DK og ÓTh viku af fundi meðan þessi liður var ræddur sökum tengsla við tilnefnda.

Úr hópi tilnefninga valdi stjórnin Pétur Júníusson og Telmu Rut Frímansdóttur sem íþróttamann og íþróttakonu Aftureldingar árið 2015 og var stjórnin einhuga í vali sínu.

2. Úthlutun úr Afreks- og styrktarsjóði

Afreksstyrkjum úr sjóðnum var úthlutað af formanni og framkvæmdastjóra milli jóla og nýárs. Greiddir voru styrkir að upphæð kr. 1.480.000,- en aldrei hafa svo margir sótt um eða 28 manns með umsóknir samtals að upphæð kr. 2.904.134,-.

Allir sem sóttu um styrk voru styrkhæfir en fengu misháa styrki eftir kostnaði við það verkefni sem sótt var um.

3. Afreksstyrkur Mosfellsbæjar til meistaraflokka 2016

Rætt var um afreksstyrk til meistaraflokka og fyrirkomulag skiptingar hingað til. Á deildafundum fyrir jól komu fram óskir um að fyrirkomulagið yrði endurskoðað.

Eftir að hafa skoðað úthlutanir þessa styrks sl. ár samþykkti aðalstjórn að breyta úthlutunarreglum á þann veg að svokallaður grunnstyrkur sem hefur verið kr. 500.000,- á hvern meistaraflokk á ári hækkar í kr. 1.000.000,- á ári og um leið áskilið að deildir skipti grunnstyrknum jafnt milli meistaraflokka karla og kvenna. Heildargrunnstyrkur á ári verður þannig kr. 6.000.000,- sem skiptist jafnt milli meistaraflokka.

Aðalstjórn ræddi ítarlega um afreksstyrki til meistaraflokka og var sammála um að þessi skipting yrði fyrsta skrefið að frekari endurskoðun á skiptingu styrkjanna.

4. Fjáraflanir deilda

Umræða tekin um þær fjáröflunarleiðir sem eru í gangi í félaginu og rætt um að deildir vinni saman og sinni þeim fjáröflunum sem eru í boði. Leitað verður eftir því til formanna deilda að ef þær hafa ekki hug á að nýta sér fjáröflun sem þær hafa verið með að þá sé framkvæmdastjóri látinn vita til þess að hann geti úthlutað til annarra. Þetta yrði betur rætt á næsta formannafundi.

5. Önnur mál

Samþykkt var launalán til knattspyrnudeildar mfl. kk og jafnframt óskar aðalstjórn eftir fundi með stjórn knattspyrnudeildar.

Annað ekki rætt og fundi slitið kl. 20.30

Birna Kristín Jónsdóttir
(Sign.)